

Kennarar: Anna Lára Friðriksdóttir, Anna Soffía Reynisdóttir og María D. Halldórsdóttir

Lýsing – Námsáætlunin er birt með fyrirvara um breytingar.

Í Hlíðaskóla er íslenska, samfélags- og náttúrugreinar kenndar undir merkjum Byrjendalæsis. Aðferðin miðast við að vinna með hlustun, lestur, tal og ritun í einni heild samkvæmt fyrirfram ákveðnu ferli. Þessar greinar eru kenndar að meðaltali 14 kennslustundir í viku.

Dæmi um viðfangsefni í náttúrugreinum eru: Kanínur, álftin, tunglið, land og þjóð, hafið og kartaflan.

Námsmarkmið – Hvað á nemandinn að **læra**?

Nám í náttúruvísindum sameinar þekkingu, virðingu, ábyrgð og upplifun nemenda gagnvart náttúru, tækni, samfélagi og umhverfi. Nemendur öðlast hæfni til að taka skynsamlegar ákvarðanir í málefnum er varða tengsl fólks og náttúru. Kennslan er heildstæð, fer fram innan sem utan skólastofunnar.

Námsefni – Hvaða gögn og bækur verða notuð?

Kennslubækur: Halló heimur 1 lestrarbók og vinnubók. Tunglið. Fuglarnir okkar. Komdu og skoðaðu land og þjóð. Komdu og skoðaðu hafið.

Gögn: Myndefni í tengslum við námsefnið.

Kennsluaðferðir – Hvernig er unnið í kennslustundum

Kveikja, innlögn, einstaklingsvinna, námsfélagavinna, hópavinna.

Í náttúrugreinum er unnið er samkvæmt aðferðum Byrjendalæsis. Í Byrjendalæsi er vinna með tal, hlustun, lestur og ritun felld í eina heild undir hatti læsis. Ennfremur eru sértækir þættir tungumálsins, svo sem hljóðvitund, réttiritun, skrift, orðaforði og lesskilningur tengd inn í ferlið.

Unnið er í þremur skrefum

1. Inntak textans: Texti er lesinn 2-3 sinnum. Forsíðan er skoðuð, spáð í efnið, rýnt í myndir og orð útskýrð til að dýpka skilning.
2. Tæknilegir þættir: sundurgreining og samtenging. Unnið er með lykilorð textans, orðhluta og stafsetningu.
3. Enduruppbygging: skapandi vinna þar sem nemendur nýta inntakið til að skapa eitthvað nýtt. T.d í gegnum tjáningu, ritun, textagerð eða annarri sköpun.

Námsmat – Hvað og hvernig er nám og vinna metin?

Símat sem gert er jafnt og þétt allan veturinn þar sem vinna nemenda, þátttaka í umræðum og hópastarfi er metin út frá verkefnum hverju sinni.

Námsmat birtist nemendum yfir skólaárið inn á Mentor og það rætt í nemenda- og foreldraviðtölum.

Viðmið úr námskrá

Hæfniviðmið í náttúruvísindum eru sett fram í sex flokkum sem eru:

Vinnulag náttúruvísinda, umhverfið, lífið, efnin, orkan og alheimurinn.

Þó hæfniviðmiðin séu flokkuð á þennan hátt er mikilvægt að líta á þau sem samfellda heild.

Endurskoðun greinasviða aðalnámskrár grunnskóla 2024

Hæfniviðmið í náttúrugreinum fyrir 2. bekk: Að nemandi geti að nokkru leyti...

- Sagt frá völdum hugtökum náttúruvísinda
- Lesið og endursagt að einhverju leyti einfaldan náttúruvísindatexta og myndefni.
- Farið með stuðningi eftir leiðbeiningum tengdum athugunum og mælingum, kannað náttúruleg viðfangsefni að vissu marki og deilt niðurstöðum.
- Lýst nærumhverfi sínu og nefnt dæmi um stöðu lífvera í völdum vistkerfum,
- Rætt að nokkru leyti um umgengni mannsins um náttúruna og hugmyndir að aðgerðum sem vernda náttúruna.
- Sagt frá nokkrum einkennum lífvera og nefnt dæmi um fjölbreytileika þeirra,
- Rætt að vissu marki um heilbrigða lífshætti og ábyrgð á eigin líkama.

- Nefnt dæmi um orkuform í nærumhverfinu og tengt þau að einhverju leyti við daglegt líf.
- Fjallað um dægraskiptin að nokkru leyti og greint frá völdum atriðum tengdum sólkerfinu.
- Sagt að vissu marki frá náttúruöflum sem móta land.